

Starfsmenntunarsjóður Verkfræðingafélags Íslands (áður Stéttarfélag verkfræðinga) fyrir verkfræðinga í starfi hjá ríkinu og fyrirtækjum því tengdu.

Starfsmenntunarsjóður Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) fyrir verkfræðinga í starfi hjá vinnuveitendum sem starfa samkvæmt kjarasamningsgerð 1989. Tekjur sjóðsins er samningsbundin framlög vinnuveitenda.

Starfsreglur

1. Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn í VFÍ sem eru starfsmenn ríkisins og fyrirtækjum því tengdu.
2. Sjóðfélagar skulu að jafnaði eiga kost á hámarksfyrirgreiðslu fyrir hver 3 ár sem þeir hafa greitt í sjóðinn. Sjóðfélagar öðlast rétt til hámarksfyrirgreiðslu eftir 3 ára sjóðsaðild og hlutfallslega fram að þeim tíma.

- Hámarksstyrkur er kr. 450.000 en hámarksréttur er tvöfaldur hámarksstyrkur.
- Réttur til styrks vex um kr 150.000 á ári þar til hámarksréttindum er náð.
- Eftir styrkveitingu kemur tímabil, þar sem styrkur er ekki veittur og réttur til styrks helst óbreyttur.
- Þetta tímabil er eitt ár fyrir hámarksstyrk og í réttu hlutfalli við styrk upp að hámarksstyrk.

3. Styrkir eru veittir einstökum sjóðfélögum til:

- a) Að sækja námskeið og ráðstefnur.
- b) Að stunda nám innanlands eða utan.
- c) Rannsóknna og þróunarverkefna.
- d) Sjálfsnáms, t.d. bókakaupa eða tölvukaupa.

4. Styrkir eru veittir til að standa straum af kostnaði umsækjanda, námskeiðs-, ráðstefnu- eða námskostnaði, ferðakostnaði og dagpeningum innan lands eða utan, kostnaði við rannsóknna- og þróunarverkefni eða sjálfsnám. Ferðakostnaður miðast við almenn fargjöld og greiðist í samræmi við reglur ferðakostnaðar ríkisins. Dagpeningar greiðast fyrir þann dagafjölda sem námskeið eða ráðstefna tekur, auk eins dags vegna ferða. Um tölvukaup gilda sérreglur. Fyrsti tölvustyrkur nemur allt að innkaupaverði tölvu ásamt nauðsynlegum fylgibúnaði, en verður þó ekki hærrí en 200.000 kr. Þeir, sem ekki hafa fengið tölvustyrki áður, hafa forgang að þessum styrkjum. Þessir styrkir eru tengdir afkomu sjóðsins þannig að aðrar umsóknir hafa forgang. Fjögur ár þurfa að líða á milli tölvustyrkja.

5. Styrkir eru veittir Verkfræðingafélagi Íslands til:

- a) Námskeiðahalds á vegum þess eða í samstarfi við aðra .
- b) Öflunar fagrita.
- c) Að skapa aðstöðu til endurmenntunar.

6. Stjórn sjóðsins heldur reglulega fundi ársfjórðungslega þar sem fjallað er um umsóknir og miðast umsóknarfrestur fyrir þessa fundi við lok hvers ársfjórðungs.

7. Umsóknum skal skilað á rafrænu umsóknareyðublaði til Starfsmenntunarsjóðs VFÍ - ríki sem er að finna á heimasíðu félagsins <http://www.vfi.is>. Eyðublöð liggja einnig frammi á skrifstofu VFÍ að Engjateigi 9, Reykjavík.

8. Á umsókn skal vera lýsing á námi eða verkefni sem styrkur skal renna til, áætlaður kostnaður auk þess skal tilgreint hvenær og hvar fyrirhugað er að stunda námið eða vinna verkefnið. Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að óska eftir frekari upplýsingum.

9. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga í frumriti og annarra gagna sem sanna að styrkur nýtist til þeirra verkefna sem ætlað er.

10. Eftir að greiðsla fer fram sendir sjóðstjórn þeirri stofnun sem styrkþegi er ráðinn hjá bréf þar sem greint er frá úthlutun.

11. Styrkþegi skal að verkefni loknu skila örstuttri greinargerð um verkefnið.

Reglur þessar eru samþykktar í stjórn sjóðsins 16. desember 2010.